

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis/ferðaþjónustusvæðis á jörðinni Rangá í Kaldakinn.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 9. nóvember 2017 tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis/ferðaþjónustusvæðis á jörðinni Rangá í Kaldakinn.

Deiliskipulagið nær til 9 ha svæðis, þar sem heimilt verður að byggja allt að 14 gistihýsi að hámarki 40 m² að stærð auk þess að nýta núverandi hlöðu og fjárhús vegna fyrirhugaðrar ferðaþjónustu.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 6. desember 2017.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2017